

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 27
með tilheyrandi hjáleigu. — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að 15. jan.
samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum sínum hefði hans hátígn konunginum hinn
14. jan. þ. á. allramildilegast þóknast að samþykkja makaskipti á eign Saurbæjarkirkju á
Raudasandi, jörðinni Fífustöðum með hjáleigunni Holti í Dalahreppi í Barðastrandar-
sýslu fyrir jarðirnar Krók og Gröf á Raudasandi í sömu sýslu, þannig að fyrstnefnd
jörð með tilheyrandi hjáleigu hjer eptir álitist sem bændaeign, en hinar síðarnefndu
jarðir verði settar jafnhliða öðrum kirkjujörðum.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- 28
byggingar. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. þ. m., hafð þjer, herra amtmaður og 11. febr.
háæruverðugi herra, sent mjer beiðni prestsins að Odda, sjera Skúla Skúlasonar, um leyfi
til að mega taka 6000 kr. embættislán upp á prestakallið til þess að byggja íbúðarhús
á prestssetrinu, og hafð þjer, jafnframt því einnig að senda uppdrátt af hinu fyrirhuga-
ða húsi, kostnaðaráætlun og fleiri hjer að lútandi skjöl, lagt það til, að hið umbeðna
leyfi verði veitt.

Út af þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar frek-
ari birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar veiti samþykki til, að tjeður prestur
taki 6000 kr. embættislán upp á Odda-prestakall, er afborgist á 25 árum, til þess að
byggja á prestssetrinu Odda traust og vandað timburhús með járnþaki og járnvarið móti
regnáttum, að stærð 18 álna langt og 13 álna breitt, með 6 álna löngum geymslu-
skúr fyrir öðrum húsenda, og með þeim herbergjafjölda og þeirri herbergjaskipun, sem
afmörkuð er á hinum meðfylgjandi uppdrætti. Svo fellst jeg og á, að hin fyrirhugaða
húsabreyting verði bundin þeim skilyrðum, að presturinn haldi timburhúsinu vel við og
kaupi fyrir því eldsvoda-ábyrgð, og að hann eða dánarbú hans skili því í fullgildu standi
eða með fullu álagi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 29
urveiting hlunninda handa sparísjóði. — Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd sparísjóðs 26. febr.
Svarfðælinga, sem hingað hefur borizt beina leið, endurveitast hjermeð nefndum spari-
sjóði til 31. jan. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt hon-
um með landshöfðingjabrjefi dags. 8. jan. 1885, og er endurveiting þessi bundin hinum
sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, þjónustsamlega að tilkynna forstöðunefnd
ofan nefnds sparísjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 30
urveiting hlunninda handa sparísjóði. — Samkvæmt beiðni þeirri frá formanni og 27. febr.
gjaldkera sparísjóðsins á Siglufirði, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 21. f. m.
endurveiti jeg hjermeð nefndum sparísjóði til 10. októbermán. 1899 hlunnindi þau, sem
samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi 10.
okt. s. á. og endurveitt með landsh.br. 11. maí 1880, og er veiting þessi
15. dag marzmán. 1890.